Hingað til hefur þessi nefnd að verulegu leyti fjallað um réttarreglurnar á hafinu frá sjónarmiði málsmeðferðar. Margar sendinefndir hafa gert fyrirvara um afstöðu sína. Svo var t.d. árið 1956, en þá voru margar sendinefndir þeirrar skoðunar, að ekki væri nauðsynlegt, að þær ræddu málið efnislega í þessari nefnd, þar sem ráðstefnu ætti að halda í Genf 1958. Það er skoðun okkar, að þetta hafi að vissu marki torvelað lausn í Genf. Þar kom og til sú staðreynd, að til-
tölulega fáar ríkisstjórnir létu í ljós skoðanir sínar við Alþjóðlegu laganefndina öll þau ár, sem sú nefnd fjallaði um réttarreglurnar á hafinu. Þess er að geta, að frestað var að taka vandamálið um viðáttu lögsögu við strendur fyrir á Genfarráðstefnunni þar til leið að lokum hennar, svo að í rauninni var ógarningur að fjalla um málið á fullnægjandi hátt. Engu síður voru vandamálin, sem hér koma til, skýrð í Genf, og ráðstefnan gaf tækifæri til að byggja frekar á þeim grunni. Sumar sendinefndir lýstu til dæmis þeirri skoðun í upphafi ráðstefnunnar í Genf, að það væri regla að alþjóðalögum, að mörkin skyldu vera 3 mílur og lengra úti gatu strandríki ekki bannað erlendum skipum veiðar og áskilið þær þegnum sínum. Það var ljóst á Genfarráðstefnunni, að þessi skoðun samrímist ekki staðreyndum í samskiptum þjóða. Afleiðing þess ætti að

vera sú, að málið yrði rætt á öðrum grundvelli næst. Á þennan hátt var mikilvægt undirbúningsstarf á þessu sviði unnið á Genfarráðstefnunni. Eg vildi mega nefna í þessu sambandi þá staðreynd, að þess sjást merki, að sum þeirra landa, sem fulltíða áttu í Genf, hafi síðan nokkuð sveigt afstöðu sína til samkomulags og að sum ríki, sem ekki létu sig málið miklu skipta þá, hafi síðan komið að þeirri niðurstöðu, að það gæti verið ómæksins vert fyrir þær að láta það meira til sín taka. Ef við höfum fengið réttar upplýsingar, munu nokkur lönd færa út lögsögu sína í nánmi framtíð og nokkur hafa gert það eftir Genfarráðstefnuna.

Herra formaður, þessar ástæður allar liggja til þess, að sendinefnd Íslands vill ræða efnislega um víðáttu lögsögu við strendur. Og það er von okkar, sem fyrr segir, að hinar sendinefndirnar muni gera hið sama. Þetta myndi verða mjög gagnlegt til að skýra ástæður nú og til að leiða í ljós, hvort unnt væri að leysa málið, áður en Allsherjarþinginu lýkur, eða hvort þörf er á nýrri ráðstefnu, og sé svo, þá hve snemma unnt sé að kalla hana saman. Eg bendi á, að slík skoðana-skipti gætu farið fram á stuttum tíma, þar sem í rauninni er aðeins um að ræða tvö vandamál, þ.e.a.s. víðáttu landhelginnar og fiskveiðitakmörkin.

Þessari nefnd er, að eg held, vel kunnugt um skoðanir Íslendinga á máli þessu. Þær hafa verið raktar hér áður við mörg tækifæri svo og í athugasemdum íslensku ríkisstjórnarinnar við ýmsa frumdrætti gerða að Alþjóðlegu laganefndinni. Eg mun því reyna að draga skoðanir okkar saman í eins fáum

orðum og mér er unnt.

Fyrsta atriðið, herra formaður, er, að við erum ósammála þeim, sem segja, að telja beri lögsögu við strendur skerðingu á frelsinu á höfunum. Þessi tvö hugtök verður að telja hliðstæð. Bæði njóta viðurkenningar og þau þjóna hvort um sig lögmætum hagsmunum, í sumum tilvikum lífshagsmunum. Því er ekki unnt að nota annað hugtakið til að færa rök að ósanngjörnum takmörkunum á hinu.

Annað atriðið er, að íslenska ríkisstjórnin hefur, síðan Sameinuðu þjóðirnar tóku að fjalla um þessi mál, haldið því fram, að í þágu lögsögu strandríkja yfir fiskveiðum sé ekki nauðsynlegt að færa út landhelgina sjálfa, því að þar er um mun víðtækara hugtak að ræða. Þetta sjónarmið mætti skilningi í Genf og þetta atriði er að sjálfsögðu mikilvægt, þar sem lögsaga yfir fiskveiðum myndi sem slík ekki hafa áhrif á venjulegar siglingar eða loftferðir.

Þá er, í þriðja lagi, komið að viðáttu fiskveiðilögsögunnar. Að okkar áliti verður að hafa í huga tvö sjónarmið. Annarsvegar er um að ræða álitaeftnið um verndun fiskveiða við strendur. Slíkar aðgerðir eiga fullan rétt á sér og eru nauðsynlegar eins og nú er viðurkennt af flestum, ef ekki öllum. Eg held, að svo sé e.t.v. gert af öllum. Hinsvegar er hér einnig um annað vandamál að ræða, og er þar átt við vandamálið varðandi hagnýtingu fiskistofnanna. Vera má, að heildaraflinn við strendur landa sé ekki svo mikill að allir fái það sem þeir vilja, jafnvel þótt allar nauðsynlegar

verndarráðstafanir séu gerðar til að tryggja það, að aflinn verði eins mikill og framast má verða. Við höfum jafnan haldið því fram, að strandríki eigi að hafa forgangsrétt í þeim mæli, sem nauðsynlegt er til að tryggja hagsmuni þess, þegar þannig stendur á. Í þessu sambandi er almennt álitnið fullnægjandi að ákveða fiskveiðilögsögu allt að 12 mílum -- að sjálfsögðu án undanþágu fyrir það, sem veitt hafa á svæðinu um tíma, eins og svo vel kom fram í tillögu Kanada í Genf og í stefnu Bandaríkjanna þar, unz þau illu heilli viku frá því rænhæfa og viturlega sjónarmiði.

Orsök þessarar breytingar á afstöðu Bandaríkjanna í Genf var vafalaust einlæg viðleitni til að ná samkomulagi, en breytingin á afstöðu Bandaríkjanna er vissulega jafnhörmu- leg enga að síður. Undantekningar eins og þar um ræðir gætu augsýnilega gert meginregluna að engu og 12 mílna takmörkin gætu, þegar svo stendur á, aðeins gilt á pappírnum, -- þ.e.a.s. verið 6 mílur plús 6 mílur mínus 6 mílur. Þetta atriði var ítarlega rætt í Genf og hefur augsýnilega mikla þýðingu.

Síðasta atriðið, herra formaður, er, að hvað sem almennt gildir, stendur sérstaklega á, þegar þjóð er að lang- mestu leyti háð fiskveiðum við strendur sínar. Ljóst er, að það er nauðsynlegra en nokkru sinni ella að sjá fyrir full- nægjandi vernd, þegar þannig stendur á, bæði á sviði verndunar og hagnýtingar. Það er okkar skoðun, að slíkum ríkjum beri skylda og réttur til að vernda þessa lífshagsmuni með tilliti til efnahagslegra, landfræðilegra, vísindalegra, sögulegra og

annarra sjónarmiða, sem máli skipta. Þegar þannig stendur á er í raun rétttri um að ræða sjálfsvörn, sem hefur grundvallarþýðingu. Íslenska þjóðin er fyrir sitt leyti einhuga um að vernda á þennan hátt sjálfa tilveru sína og efnahagslegt sjálfstæði. Genfarsamþykktin um sérstakar aðstæður varðandi fiskveiðar við strendur myndi aðeins gilda um svæðið utan lögsögunnar við strendur og hún leysir þessvegna ekki þennan vanda.

Með tilliti til þessa megin sjónarmiðs vildi eg þessu næst segja nokkur orð um sérstöðu Íslands. Íslenska sendinefndin hefur leyft sér að dreifa stuttri greinargerð, þar sem hagsmunir Íslendinga af fiskveiðum við strendur landsins eru ræddir. Greinargerðin var höfð stutt af ásettu ráði í þeirri von, að fleiri fulltrúar en ella hefðu þá tíma til að lesa hana. Það er von okkar, að allar sendinefndir hér muni lesa greinargerð þessa. Þessvegna mun eg aðeins nefna atriðin, sem frekar eru rædd þar.

Í greinargerðinni er fyrst nefnd sú kunna staðreynd, að fiskveiðarnar við strendurnar varða lífshagsmuni íslensku þjóðarinnar. Við höfum þrásinnis hér og annarsstaðar vakið athygli á því, að flytja verður inn flestar lífsnauðsynjar þjóðarinnar, og greiða fyrir þær með útflutningi, sem 97% ~~XXXX~~ eru fiskafurðir. Þessvegna byggist afkoma íslensku þjóðarinnar í bókstaflegum skilningi á fiskveiðum meðfram ströndum.

Í greinargerðinni er þessu næst fjallað um ofveiðivandamálið. Þar er sýnt fram á, að eyðilegging fiskstofna

við Íslandsstrendur átti sér stað í vaxandi mæli, og að þar hefði stefnt hratt í áttina að gjöreyðingu á sjötta tug þessarar aldar. Tölur þær, sem þetta sýna, eru nefndar í greinargerðinni.

Næst kemur fram í greinargerðinni, hvernig fiskveiðitakmörkin við Ísland voru skert fyrr á öldum. Þau voru á 17., 18. og á hluta 19. aldar fjórar vikur sjávar -- og ein vika sjávar jafngilti í fyrstu 8 mílum, síðar 6 og loks fjórum. Fiskveiðimörkin voru m.ö.o. 32 mílur í upphafi þessa tímabils, urðu síðar 24 mílur og höfðu verið skert í 16 mílur á 19. öld. Á síðari hluta 19. aldar virðist hafa verið miðað við 4 mílur í fræmkvæmd, vegna þess, að útlendingar sóttu fast á. En allir flóar og firðir voru lokaðir fyrir erlendum veiðum allt þetta tímabil. Árið 1901 var að lokum gert samkomulag við Bretland um 10 mílna reglu í flóum og 3 mílna fiskveiðimörk við Ísland. Þetta samkomulag var felld úr gildi af íslensku ríkisstjórninni 1951. Þá var augljóst, að eyðing af völdum ofveiði nálgast, og ofveiðisamningarnir frá 1937 og 1946 voru ekki til mikillar hjálpar til að vinna gegn þeirri ógnþrungnu þróun.

Með tilliti til þess, hve ástandið var alvarlegt, gaf Alþingi Íslands árið 1948 ríkisstjórninni heimild til að ákvarða mákvæmlega tilgreind svæði innan marka landgrunns Íslands, þar sem allar veiðar skyldu háðar íslenskri lögsögu og eftirliti. Heimilað var að gefa út nauðsynlegar reglugerðir í þessu skyni. Álitið var eðlilegt, að miða

reglugerðirnar við landgrunnið, þar eð mörk þess fylgja ströndinni í stórum dráttum. Af sjókortum sézt glögglega, að grunnið er raunverulega undirstaða landsins og verður að skoðast sem hluti af landinu sjálfu. Á þessum grunnu hafsvæðum eru ýmsar mikilvægustu hrygninga- og uppeldisstöðvar fiskistofna í heiminum, og byggjast fiskveiðar á djúpmiðum við Ísland að verulegu leyti á þeim.

Árið 1952 var gefin út reglugerð um beinar grunnlínur og fiskveiðimörkin voru þá sett fjórar mílur frá grunnlínunum.

Þessari reglugerð var harðlega mótmælt af sumum. Þrjár eða fjórar ríkisstjórnir héldu því fram, að reglugerðin væri andstæð alþjóðalögum, og myndi skerða verulega afla erlendra fiskimanna með því að banna þeim fiskveiðar, sem þeir hefðu áður stundað. Í kjölfar mótmæla brezku stjórnarinnar fylgdi bann á íslenzkan togarafisk í brezkum höfnum. Fyrir bann þetta, þ.e. árið 1951, höfðu Íslendingar selt um 25% af botnfiskafli sínum til Bretlands, en þessi markaður var nú með öllu lokaður um 4 ára skeið. Þetta var þá í því skyni gert að valda Íslendingum verulegum efnahagsörðugleikum.

Síðari atburðir hafa leitt greinilega í ljós, að ótti erlendra aðila um, að veiðin myndi minnka, var algjörlega ástæðulaus, því að skýrslur sanna, svo að ekki verður véfengt, að afli þeirra varð mun meiri en áður en reglugerðin var gefin út, hvort sem miðað er við heildaraflla eða afla miðað við fyrirhöfn. Allir, sem hlut eiga að máli viðurkenna nú, að reglugerðin frá 1952 hafi ekki aðeins stöðvað hina óheillavæn-

legu þróun, heldur hafi jafnvel tekizt með henni að snúa þróuninni við til hagsbóta fyrir alla, sem veiðar stunda á Islandsmiðum. Þess sjást engu að síður greinileg merki, að jafnvel lítilsháttar aukning veiðanna myndi leiða til ofveiði. Annað atriði þarf og að hafa í huga, og það er, að komið geta fram algjörlega nýjar og eyðileggjandi veiðiaðferðir. Tekið verði að nota geysistór verksmiðjuskip, sem búin eru rafmagnsveiðitækjum og dælum, sem fara nætti með yfir stór svæði, þar sem ekkert yrði eftir nema dauði og tortíming.

Með tilliti til þessarar þróunar og vandamálaanna í því sambandi, var íslenska ríkisstjórnin þeirrar ákveðnu skoðunar, að nauðsynlegt myndi verða að gera frekari ráðstafanir í þeim tvíþætta tilgangi að tryggja nauðsynlega verndun og gæta lífshagsmuna varðandi fiskveiðar við strendurnar. Þessvegna var ný reglugerð gefin út 30. júní 1958 um 12 mílna fiskveiðimörk við Ísland. Hún gekk í gildi 1. september 1958.

Nýja reglugerðin gerði ráð fyrir, að unnt væri að leyfa, þegar fyrir hendi væru sérstakar aðstæður, sem nánar skyldu ákveðnar, veiðar íslenskra skipa með botnvörp og dragnót innan 12 mílna en utan 4 mílna markanna. Þessar veiðar voru leyfðar í viðaukareglugerð frá 20. ágúst 1953, en aðeins á stranglega afmörkuðum svæðum og tímum árs. Megin sjónarmiðin, sem reglurnar byggjast á, eru þau, að tog- og dragnótaveiðar eru bannaðar á sérstökkum svæðum og tímum, þegar fiskurinn hrygnir, og jafnframt er veiðum vélbátanna veitt nauðsynleg vernd. Þær eru algjörlega háðar veiðum við strendurnar, en valda ekki tjóni á fiskistofnunum á sama hátt og togveiðar.

Reglugerðin er því samín í þeim tilgangi að vernda á sem fullkonnastan hátt veiðisvæðin við ströndina.

Í greinargerðinni er síðan fjallað um hin lögfræðilegu sjónarmið í því skyni að sýna, hvers vegna íslenska ríkisstjórnin er snafærð um, að ráðstafanirnar, sem gerðar voru, hafi verið fullkonnalega löglegar. Eg mun ekki fjölyrða um þetta atriði, þar sem því eru gerð skil í yfirlitinu. Í greinargerðinni er að lokum fjallað um það mikið umrædda vandamál, hvort strandríki geti að réttu lagi mælt einhliða fyrir um fiskveiðimörk sín. Álitið var viðeigandi að ræða þetta í greinargerðinni, þar sem því hefur verið haldið fram af sumum, að hin eina rétta málsmeðferð á þessu sviði sé hin svonefnda samkomulagsleið, og það jafnvel að því er virðist, þótt enginn finnist, sem samkomulag vill gera. Athygli er vakin á þeirri vel kunnri staðreynd í greinargerðinni, að einhliða ákvörðun lögsögu við strendur er ekki málsmeðferð, sem heyrir til undantekninga, heldur er vissulega sú málsmeðferð, sem er almennt viðurkennd um heim allan, þar sem þetta er sú almenna aðferð, sem notuð hefur verið af hinum ýmsu löndum. Engu að síður hefur einn af nábum okkar, Bretland, sent herskip í lögsögu okkar til að vernda brezkar togveiðar upp að fjögurra mílna mörkunum. Þar sem utanríkisráðherra Íslands ræddi mál þetta í hinum almennu umræðum á Allsherjarþinginu, hef eg ekki í hyggju að fjölyrða hér um þetta óheillaástand, sem enn varir. Þetta er vissulega mál, sem leysa þarf þegar í stað.

Þótt íslenska ríkisstjórnin hafi eins og áður sagði fullkominn rétt, eins og allar aðrar ríkisstjórnir, til að ákveða viðáttu lögsögu við strendur sínar, hefur hún gert ítrekaðar tilraunir til að finna aðgengilega lausn með alþjóðasamvinnu. Þannig munu menn minnst þess, að athugun þessa máls í heild innan vébanda Sameinuðu þjóðanna hófst 1949 að frumkvæði íslensku sendinefndarinnar, sem bar fram tillögu um málið. Við erum hinsvegar sannfærðir um, að allir sanngjarnir menn muni fallast á, að ekki verður endalaust skotið á frest lausn vandamáls, sem þannig varðar lífshagsmunum allra íbúa lítils lands, sem ekki eiga neinar aðrar auðlindir. Það er ástæðan til þess, að fiskveiðimörk okkar eru nú 12 mílur.

Það er vissulega ósk okkar að halda áfram að vinna með vinum okkar í Sameinuðu þjóðunum að jákvæðri þróun þjóðarréttar. Við óskum í einlægni eftir að almenn lausn náist á þessu sviði eins fljótt og unnt er á þann hátt, að sanngjörn réttindi strandríkja séu tryggð og sérstakar ástæður þjóða, sem eru að langmestu leyti háðar fiskveiðum sínum við strendurnar, séu teknar til greina að fullu. Það er ástæðan til þess, að við höfum verið þeirrar skoðunar, að 6. nefndin setti á þessu þingi að fjalla um þetta mál og leysa það.

Ef meirihluti sendinefndanna álitur æskilegra að kalla aftur saman nýja ráðstefnu, myndum við sem eðlilegt er vilja taka þátt í henni, og verði svo, viljum við mega vona, að ráðstefnan verði kölluð saman eins fljótt og unnt er. Hve fljótt, myndi vera komið undir því, hversu mikils undirbúnings myndi talin þörf. Það atriði skýrist sennilega í hinum almennu umræðum um þetta mál.

Herra formaður, Eg myndi, af hálfu sendinefndar Íslands, vilja leggja áherzlu á eftirfarandi atriði að lokum til yfirlits:

1. Við myndum fagna skjótri og sanngjarnri lausn málanna, sem ekki leystust í Genf, þ.e.a.s. spurningarinnar um viðáttu landhelginnar og fiskveiðimörkin með þeim hætti, að sanngjörn réttindi strandríkja væru tryggð og fullt tillit tekið til aðstöðu þjóða, sem eru að langmestu leyti háðar fiskveiðum sínum við strendurnar, eins og íslenska þjóðin er.

2. Ef meirihlutinn skyldi heldur kjósa að kalla saman nýja ráðstefnu en að vinna að lausn vandamála í þessari nefnd, myndum við styðja þá skoðun, að slíka ráðstefnu ætti að kalla saman eins fljótt og unnt er.

3. Það er komið undir þeim undirbúningi, sem fara þarf fram, hve fljótt er unnt að kveðja saman slíka ráðstefnu. Þetta er að okkar álitni mál, sem leysa þarf þegar í stað, þar sem núverandi ástand stuðlar vissulega ekki að friðsamlegum samskiptum þjóða. Við látum því í ljós þá skoðun, að það myndi vera gagnlegt og raunar nauðsynlegt til að skýra mála- lokin í Genf, ef við fengjum að heyra skoðanir hinna ýmsu sendinefnda á þeim atriðum, sem hér er um að ræða. Það er okkar skoðun, að þetta myndi ekki taka mjög langan tíma, en myndi hinsvegar geta orðið mjög mikilvægt undirbúningsstarf.

4. Að lokum vildi eg láta í ljós þá skoðun íslensku sendinefndarinnar að áframhaldandi tilraunir til að finna sanngjarna lausn á þessu sviði megi verða árangursríkar.

FRÉTTATILKYNNING FRÁ RÍKISSTJÓRNINI

Ríkisstjórn Bretlands hefur farið þess á leit við ríkisstjórn Íslands að mæta sjónarmið sín varðandi deiliá þá, sem uppi er um aðstæðu brezkra fiskiskipa á Íslandsmiðum. Telur brezka ríkisstjórnin líklegt, að hægt sé að finna lausn, er tryggi hagsamni Íslendinga, en veiti brezkum fiskiskipum jafnframt nokkra úrlausn um stundarsakir.

Með því að ríkisstjórn Íslands telur fiskveiðilögsgumálið viðtakara en svo að það hafi endanlega verið til lykta leitt með útgáfu reglugerðar nr. 70 frá 30. júní 1958, sbr. og ályktun Alþingis frá 5. maí 1959, telur hún rétt að verða við tilmalum brezku ríkisstjórnarinnar og hefur tilkynnt henni það.

UMSIÐUN

um tilfölkun frá landbelgislögnum frá 1958.

Sú stutta greinargerð, sem hér fer á eftir, er svar við neðangreindu sínskeyti frá Hans G. Andersen, dags. 26. júlí 1960:

"Tilvísun símtals svohljóðandi málgrein bréfi utanríkisráðherra algert trúnaðarmál: Þá ákvað ríkisstjórnin að biðja þig að komast í samband við dr. Árna Friðriksson og óska eftir greinargerð frá honum um, hvaða svæði við Ísland nauðsynlegt er fyrir okkur að vernda fyrir botnvörpuveiðum erlendra skipa og hver skipti litlu eða engu máli, allt á grundvelli þess að fiskveiðilögsagan sé miðuð við gildi hennar fyrir fiskveiðarnar sjálfar og fyrir okkar þarfir, en ekki endilega eitt jafnbreitt beltí umhverfis landið, allt án tillits til ástæðna. Allt verður þetta að gerast í fyllsta trúnaði. Með hliðsjón af því að ríkisstjórnin hefur fullan hug á því að afstýra vandræðum eftir 12. ágúst, séu nokkur tæk á því, leggur hún áherslu á að málinu verði hraðað".

1. Fiskifriðun. Fyrsta stig fiskifriðunar er að þyrma ungvíðinu, svo því sé ekki tortímt að óþerfu, engum til gagns en framtíðar fiskveiðum til óbetanlegs tjóns. Segja má, að friðun af þessu tagi hafi verið framkvæmd viðunanlega með ráðstöfunum, sem gerðar voru 1952 og að hlutfallslega lítil árangur hafi náðst á því sviði umfram það, sem komið var, með nýju útfærslunni (12 mílum) 1958. En jafnvel þótt öllu ungvíði sé þyrmt á viðunandi hátt er

hægt að sækja svo fast til fanga í fiskistofn, að hann láti stórum á sjá og skili ekki svipað því þeim arði, er hann geti skilað, ef ekki væri tekið meira úr honum árlega en það, sem náttúran getur byggt upp á ný. Ofveiði af þessu tagi var greinilega í byrjun við Ísland á árunum 1955-58 og var komið í veg fyrir hana með því að takmarka sóknina með vöðkun landhelginnar. Má nefna ráðstafanirnar, sem gerðar voru 1958, annað stig fiskifriðunar. Ekki er því heldur að neita að útfærslan 1958 tryggði ungvíði sumra nytjafiskanna aukna vernd, einkum ungvíði þorsksins.

2. Aukin sókn. Eins og sjá má af því, sem að framan greinir, væri allvel séð fyrir verndun ungvíðisins, þótt ekkert kæmi til greina nema 4 sjómílna landhelgin eins og hún var sett 1952. Ungvíðinu væri því ekki sérstök hættu búin, þótt opnað væri inn úr 12 sjómílum, t.d. inn að 6 sjómílum, á tilteknum svæðum, en það mundi hafa það í för með sér, að sóknin í fiskistofnana ykist. Ógerlegt er að dæma um það fyrirfram, hver áhrif hin aukna sókn mundi hafa á aflamagn skipanna, miðað við fyrirköfn, því það ferir eftir svo mörgu, þar á meðal fjölda svæðanna, sem opnað væru, stærð þeirra og lengd hins leyfða veiðitíma. Einfaldast væri í framkvæmd að hafa opnu svæðin sem fæst, en þá þeim mun stærri og hafa skilyrði fyrir veiðileyfum á slíkum svæðum sem einföldust að því er varðar veiðitíma (árstíma), veiðarfæri o.s.frv.

3. Tilslakanir. Það, sem gerir tilslakanir nauðsynlegar, er sambúð Íslendinga við aðrar þjóðir, en ef þær eru framkvæmdar, eru einkum þrjú atriði, sem þarf að taka tillit til:

- (a) að ekki sé gengið um of á fiskistofnana;
- (b) að gæta hagsmuna Íslenskra skipa, og
- (c) að auðvelda gæzluna, svo sem kostur er.

(a) Eins og áður er greint stítt ungvíðinu ekki að vera mikil hættu búin, þótt opnað væri inn

úr 12 sjómílum, einkum ef bannað væri að toga innan við 6 sjómílur. Til Öryggis mætti þá halda tilteknum svæðum alveg lokuðum út að 12 sjómílum og á ég þar við grunnsvæðisflákana við vestanverða suðurströndina, SV-land, Vestfirði og við vestanverðan Húnaflóa. Þetta svæði takmarkast af Hófadjúpi að austan við suðurströndina (20^o v.l.) og af Húnaflóadjúpi að austan við norðurströndina (21^o v.l.) Á þessu mikla svæði er oft fiskur í uppvexti og mundi vera trygging í að vernda hann eins og hægt er gegn hinnri auknu sókn, enda þótt hann sé veiðihafur. Á einum hluta þessa svæðis mætti þó að skaðlausu leyfa togveiðar upp að 4 sjómílum, en þar er í og kringum Kolluál, þar sem aðdýpi er mikil og lítið sem ekkert er af ungvíði eða ungfiski í uppvexti. Meðfram Norðurlandi liggur 12 sjómílna línan frá 1958 svo langt undan landi að skaðlaust væri að leyfa togveiðar þar innan 12 sjómílna, einkum ef Skagagrunni, Grímseyjarsundi og Sléttugrunni væri eitthvað hlíft. - Um svæðið frá Langanesi, suður og vestur um að Háfadjúpi, er erfiðara að setja allsherjar reglur. Ef hvergi væri leyft að toga fyrir innan 6 sjómílur ætti að vera góð trygging fyrir verndun ungvíðis, en eigi treysti ég mér til þess að dæma um, hvar helst mætti opna og hvar helst skyldi halda lokuðu.

(b) Það er ekki hlutverk fiskifræðinga að skera úr því, hvar heppilegast væri að leyfa togveiðar innan 12 sjómílna með tilliti til athafna og veiðivenja íslenskra fiskiskipa, enda ekki ætlun mín að drepa á það hér.

(c) Líka má með nokkru sannri segja, að það sé utan verkswíðs fiskifræðinga að gefa ráð um takmörkun veiðisvæða út frá sjónarmiði auðveldrar gæslu. Þó skiptir gæslan að sjálfsögðu hinu mesta máli fyrir verndun fiskistofnanna og ættu því fiskifræðingar að

gefa þessu atriði fyllsta gaum.

Þegar Öllu er á botninn hvolft, er það mikil spurning, hvort ekki væri heppilegra fyrir land og þjóð að hliðra til í bili á Öllu svæðinu í stað þess að binda togveiðileyfi við takmarkaða bletti innan 12 sjómílna, úr því verndun ungvíðis er ekki lengur aðalatriðið, heldur sóknin. Mætti hugsa sér að smádraga aftur úr sókninni á fáðnum árum, þar til engar botnvörpuveiðar væru lengur innan 12 sjómílna, t.d. með því að leyfa togveiðar allsstaðar milli 12 og 6 mílna í 1-2 ár, en söeins milli 12 og 8 sjómílna í næstu 1-2 ár þar á eftir og loks milli 12 og 10 sjómílna í 1-2 ár. Eftir það (eftir 3-6 ár) yrðu engar togveiðar lengur innan 12 sjómílna.

Þanna skyldi verkamiðjuskip og fiskveiðar með raftækni innan 12 sjómílna.

Þetta áherslulega og óþessu eftir þessu og þessu er að segja, að þetta væri til Ísland mynduð og þetta væri að verða fyrir þessu. **Kaupmannahöfn, 1. ágúst 1960.** Þessu er til þess að segja, allt á þessu þessu að fiskveiðilögum og þessu til þess þessu fyrir fiskveiðar. **Árni Friðriksson (eign.)** Þessu er til þess að segja, þessu þessu þessu þessu, allt þessu þessu þessu þessu. Þessu er til þess að segja, þessu þessu þessu þessu. Þessu er til þess að segja, þessu þessu þessu þessu. Þessu er til þess að segja, þessu þessu þessu þessu. Þessu er til þess að segja, þessu þessu þessu þessu.

1. Fiskveiðingur. Þessu er til þess að segja, þessu þessu þessu þessu. Þessu er til þess að segja, þessu þessu þessu þessu. Þessu er til þess að segja, þessu þessu þessu þessu. Þessu er til þess að segja, þessu þessu þessu þessu. Þessu er til þess að segja, þessu þessu þessu þessu. Þessu er til þess að segja, þessu þessu þessu þessu. Þessu er til þess að segja, þessu þessu þessu þessu. Þessu er til þess að segja, þessu þessu þessu þessu.